



### 3. fundur stjórnar Aftureldingar 11. maí 2011

Fundur settur kl. 17:30 að Varmá

Mætt: Anna Sigríður Guðnadóttir, Ásmundur Pálsson, Guðjón Helgason, Hekla Klemenzdóttir, Helga Jóhannsdóttir, Kristín Reynisdóttir og Sævar Kristinsson. Brynjar Jóhannesson framkvæmdastjóri sat fundinn.

Dagskrá:

1. Upplýsingavefur
  2. Erindi Handknattleiksdeildar
  3. Aðstöðumál
  4. Siðanefnd
  5. Laganefnd - erindisbréf
  6. Aftureldingardagurinn
  7. Önnur mál
- 
1. Upplýsingavefur. ASG segir frá stöðu mála. Umsjónarmenn hittast tvisvar í þessari viku og einu sinni í næstu viku til að læra á kerfið. Allir eru komnir með aðgang til að prófa sig áfram. Ekki er ákveðið hvenær nýr vefur verður opnaður.
  2. Erindi handknattleiksdeildar. Handknattleiksdeild áformar að endurreisa meistaraflokk kvenna sem ekki hefur starfað um árabíl. Spurt er um hugsanlegan stuðning við það verkefni. Aðalstjórn er ánægð með þessi áform deildarinnar og mun nú skoða málið m.t.t. aðstöðu og fjármála.
  3. Aðstöðumál. Lagt fram minnisblað sem formaður og framkvæmdastjóri hafa í vinnslu um aðstöðumál félagsins alls. Enn er unnið að því að leysa aðstöðumál fimleikadeildar og þar með annarra deilda. Málið rætt og stefnt er að því að halda formannafund um leið og einhver niðurstaða er komin í málið.
  4. Siðanefnd. Á síðasta formannafundi var frestað ákvörðun um umboð siðanefndar til að endurskoða reglugerð um nefndina þar sem reglugerðin lá ekki frammi á fundinum. Málið var þó reifað og formenn sammála því uppleggi að breyta samsetningu nefndarinnar. Nöfn siðanefndarmanna voru borin upp á þeim fundi og fundarmenn voru sáttir við þau. Nefndarmenn eru Rakel Heiðmarsdóttir, Ragnheiður Bragadóttir og Guðjón Helgason. Guðjón kallar nefndina saman.
  5. Laganefnd Drög að erindisbréfi liggja fyrir og mun Helga senda þau til aðalstjórnar. Nefndarmenn, hverra nöfn voru borin upp á formannafundi, eru Jón Pálsson, Oddný Arnardóttir og Helga Jóhannsdóttir. Jón kallar nefndina saman.
  6. Aftureldingardagur Farið var yfir fyrirkomulag. Mæting klukkan 8:30. Boðið verður upp á morgunverð.

## 7. Önnur mál

Jón Pálsson fyrrv. formaður hafði sent erindi til aðalstjórnar varðandi áform sem höfðu verið í gangi í tíð stjórnar 2010-2011 um að halda kvöldvöku sem helguð yrði umfjöllun um hugmyndafræði þjónandi forystu og hvernig sú hugmyndafræði geti átt við í sjálfböðnu starfi eins og í ungmennafélagi. Aðalstjórn tók vel í hugmyndina og áætlað að halda slíka kvöldvöku í september.

Sævar lætur Jón vita af þessari ákvörðun.

Brynjar kynnti formlegt erindi frá UMSK um að Afturelding taki að sér, fyrst íþróttafélaga, að keyra námskeið Viðars Halldórssonar, *Framtíðin*. Þeir Jón Pálsson, fyrrv. formaður, höfðu rætt þetta námsefni við Viðar Halldórsson og framkvæmdastjóra UMSK síðastliðinn vetur og lýst áhuga Aftureldingar á þátttöku. Í kynningu um námskeiðið segir: Grunnáhersla námskeiðsins er á félagssálfræðilega þjálfun barna og ungmenna. Námskeiðið *Framtíðin* er í grunninn ætlað þjálfurum en er kynnt öllum sem koma að starfi allra deilda innan félagsins, s.s. stjórnarfólki, starfsfólki, foreldrum og iðkendum. Tilgangur námskeiðsins er m.a. að stuðla að faglegu starfi innan félagsins með því að stefna að hámarksárangri í þjálfun hugarfarslegra og félagslegra þátta hvort sem er með uppeldi iðkenda, eða árangur þeirra í íþróttum, að leiðarljósi.

Brynjar framkvæmdastjóri mun svara UMSK og lýsir áhuga aðalstjórnar á að taka þátt í verkefningu og hefja undirbúning.

Brynjar framkvæmdastjóri segir frá því að margar fyrirspurnir berist um endurgreiðslur æfingagjalda. Nauðsynlegt er að kynna það fyrir foreldrum að ekki sé unnt að endurgreiða æfingagjöld. Rætt að e.t.v. væri rétt að setja ákvæði um að endurgreiðslur fái ekki inn í reglugerð deilda eða lög. Verður rætt á formannafundi.

Sævar nefnir að Karl Tómasson hafi boðið að taka Aftureldingarlagið, sem Gildran samdi, upp í nýrri útsetningu og færa félaginu að gjöf. Aðalstjórn fagnar þessari hugmynd og mun finna heppilegan afhendingardag í samráði við Karl Tómasson.

Kristín spyr hvort bæjaryfirvöld hafi rætt við starfsmenn íþróttahússins eins og til stóð og upplýsa Sævar og Brynjar að bæjarstjóri hafi fundað með starfsfólki.

Helga leggur fram hugmynd um að fá tilboð í sjúkraþjónustu, samninga við sérfræðinga í íþróttameiðslum o.þ.h. Umræða varð einnig um tryggingamál. Brynjar kannar þessi atriði og þá möguleika sem bjóðast. Málefnið verður síðan rætt á vinnufundi aðalstjórnar sem frestað hefur verið til mánudags 23. maí kl. 19.

Næsti fundur stjórnar var ekki tímasettur.

Fundi slitið kl. 19:30

**Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir ritari stjórnar**